

## Reikningur

110

fyrir styrktarsjóð Kristjáns konungs hins níunda frá 1. sept. 1883 til 31. ágúst 1884.

## Tekjur.

1. Eptirstöðvar 1. september 1883:	kr. a.	kr. a.
a. Innritunarskírteini og konungleg skuldabrjef . . . . .	8600,00	
b. Í sparisjóði Reykjavíkur . . . . .	83,84	
c. Í peningum . . . . .	24,00	8707,84
2. Vextir til 11. júní 1884:		
a. Af innritunarskírteini og skuldabrjefi . . . . .	344,00	
b. Af fje í sparisjóði . . . . .	5,39	349,39
	Samtals	9057,23

## Gjöld.

1. heiðursgjafir veittar:		
a. Ólafi umboðsmanni Sigurðssyni í Ási . . . . .	160,00	
b. Sæmundi bónda Sæmundssyni á Elliðavatni . . . . .	160,00	320,00
2. Eptirstöðvar 31. ágúst 1884:		
a. Innritunarskírteini og konungleg skuldabrjef . . . . .	8600,00	
b. Í sparisjóði Reykjavíkur . . . . .	137,23	8737,23
	Samtals	9057,23

Reykjavík, 18. sept. 1884.

Landshöfðinginn yfir Íslandi.

Bergur Thorberg.

Jón Jenson.

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um skilning á 5. gr. laga 111  
27. febr. 1880 um skipun prestakalla, sbr. lög nr. 2 12. jan. 1884. — Með þóknan- 25. ágúst.  
legu brjefi, dags. 9. f. m., hafið þjer, herra landshöfðingi, sent hingað erindi frá sóknar-  
prestinum að Kirkjubæjarklaustri, sjera Þjarna Þórarinssyni, þar sem hann fer þess á  
leit, að sjer fyrir tímabilið frá 12. jan. p. á. til síðastliðinna fardaga verði greiddur til-  
tölulegur hluti af uppbót þeirri, sem ákveðin er í lögum 12. jan. p. á. handa Þykkva-  
bæjarklausturs prestakalli og Meðallandsþingum, sem hann þjónaði síðastliðið fardagaár  
sem settur.

Í tilefni af þessu skal eigi látið hjálða þjónustusamlega að tilkynna yður til  
þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir beiðandanum, að með því að ráðgjafinn  
verður að vera yður samdóma um, að skilja beri svo lög 12. jan. p. á., samanborin við  
reglurnar í 5. gr. laga 27. febr. 1880, að hinar þar umræddu uppbætur eigi ekki að  
reiknast viðkomandi prestaköllum fyr en frá þeim tíma, að þau eru veitt í fyrsta skipti  
eptir að lögín komu út, þá flýtur þegar þar af, að beiðandanum getur eigi borið uppbót  
sú, er hjer um ræðir, og beiðni hans getur því ekki orðið veitt.

Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um skilyrði fyrir útborgun á 112  
bráðabirgðaruppbótum brauða. — Með þóknanlegu brjefi frá 23. júní p. á. hafið þjer, 23. ágúst.  
herra landshöfðingi, sent hingað erindi frá sóknarprestinum að Rafnseyri, sjera Þorsteini